



Alþýðusamband Íslands

Alþingi
Erindi nr. P 141/68
komudagur 9.10.2012

Nefndasvið Alþingis
velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 8. október 2012.
Tilvísun: 201209-0017

Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 45/2007, um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra, með síðari breytingum (réttur til launa í veikindum), 66. mál.

Alþýðusambandi Íslands hefur borist framangreint frumvarp til umsagnar. Eins og fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu var af hálfu velferðarráðuneytisins haft samráð við Alþýðusamband Íslands við samningu frumvarpsins og var full sátt um efni þessi.

Í ljósi framanritaðs leggur ASÍ til að frumvarpið verði samþykkt.

Hjálagt fylgir minnisblað sem lagt var fram í miðstjórn ASÍ þar sem nánar er gerð grein fyrir sjónarmiðum sem lágu til grundvallar frumvarpssmiðinni af hálfu ASÍ, ásamt mati á mögulegri þýðingu þess.

Virðingarfyllt,

F.h. Alþýðusambands Íslands

Halldór Grönvold,
aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ

Hjálagt:

Minnisblað til miðstjórnar ASÍ dags. 26. september 2012.



Alþýðusamband Íslands



Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 45/2007, um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra, með síðari breytingum

Minnisblað til miðstjórnar ASÍ 26. september 2012 – Halldór Grönvold

Aðdragandinn

Eins og félögum í miðstjórn ASÍ rekur minni til gerði Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) athugasemdir á árinu 2010 við innleiðingu tilskipunar ESB 96/71/EB um störf útsendra starfsmanna í tengslum við veitingu þjónustu, hér á landi. Tilskipunin fjallar um réttindi og skyldur fyrirtækja gagnvart starfsmönnum sínum þegar þeir eru sendir til starfa yfir landamæri í tengslum við veitingu þjónustu (stundum nefnd „tilskipunnin um útsenda starfsmenn“).

Í þessu sambandi er rétt að geta þess að með lögum nr. 45/2007 var gengið mun lengra í að setja kröfur á erlend þjónustufyrirtæki og skilgreina réttindi starfsmanna þeirra en í fyrri lögum um sama efni, nr. 54/2001. Var með því komið til móts við kröfur ASÍ og samkomulag við SA frá árinu 2006. Þá lá fyrir þegar frumvarpið sem varð að lögum 2007 var samið að þar var gengið lengra í að skilgreina rétt starfsmanna en dæmi voru um í lögum annarra Evrópuríkja sem skoðuð voru á þeim tíma.

Að ósk Alþýðusambands Íslands og með stuðningi SA ákváðu íslensk stjórnvöld að hafna athugasemdum ESA og neita að taka tillit til þeirra. Niðurstaðan var sú að ESA höfðaði mál gegn íslenska ríkinu fyrir EFTA dómstólnum, nr. E-12/10, þar sem íslenska ríkið hélt uppi fullum vörnum og naut stuðnings m.a. Norðmanna. Til einföldunar má segja að fyrir EFTA dómstólnum hafi verið tekist á um það grundvallaratriði, hvort í tilskipun ESB væri að finna hvaða kröfur mætti mest gera til fyrirtækja sem veita þjónustu yfir landamæri varðandi réttindi starfsmanna þeirra eða hvort gera mætti ríkari kröfur til þeirra um vernd og réttindi starfsmanna. Rétt er að taka fram að um þetta atriði hefur um nokkurt skeið verið mikill ágreiningur á Evrópuvettvangi á milli samtaka launafólks og framkvæmdastjórnar ESB, og er enn.

Dómur EFTA dómstólsins var kveðinn upp 28. júní 2011, þar sem dómurinn kemst að þeirri niðurstöðu að með því að kveða á um rétt útsendra starfsmanna til launa í veikinda- og slysatilvikum sem og um slysatryggingar vegna andláts, varanlegs líkamstjóns og tímabundins missis starfsorku með þeim hætti sem gert væri í 5. og 7. gr. laga um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra hefði Ísland brotið gegn ákvæðum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 96/71/EB um störf útsendra starfsmanna í tengslum við veitingu þjónustu. Nánar til tekið 3. gr. þeirrar tilskipunar.



Tillagan að lagabreytingum

Pegar dómur EFTA dómstólsins lá fyrir var af hálfu velferðarráðuneytisins ASÍ og SA boðið til samstarfs um það með hvaða hætti ætti að bregðast við dóminum. Af hálfu ASÍ var lögð áhersla á að íslensk stjórnvöld flýttu sér hægt og að skoðað yrði í þaula með hvaða hætti ætti að bregðast við, þannig að sem minnst röskun yrði á íslenskum vinnumarkaði og kjörum og réttindum þeirra starfsmanna sem koma til starfa hér á landi í gegnum erlend þjónustufyrirtæki. Þessi afstað var studd af ráðuneytinu og SA, enda ljóst að SA hefur engan hag af því að erlend þjónustufyrirtæki geti með undirboðum raskað samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja.

Það er í framangreindu ljósi sem skoða verður þá tillögu að breytingu á lögnum nr. 45/2007 sem nú liggur fyrir Alþingi (hér á eftir er að mestu stuðst við athugasemdir með frumvarpinu).

5. greinin

Í ákvæði 5. gr. gildandi laga er meðal annars kveðið á um að starfsmaður sem starfar að jafnaði utan Íslands en er sendur tímabundið hingað til lands á vegum fyrirtækis sem veitir þjónustu hér á landi, svokallaður útsendur starfsmaður, vinni sér inn rétt til launa í veikinda- og slysatilvikum með vinnu sinni hér á landi hjá sama fyrirtæki þannig að fyrir hvern unninn mánuð fyrstu tólf mánuðina greiðist tveir dagar á föstum launum í veikinda- og slysatilvikum.

EFTA-dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að framangreint ákvæði 5. gr. laganna væri ekki í samræmi við ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 96/71/EB þar sem í 1. mgr. 3. gr. þeirrar tilskipunar væri með tæmandi hætti kveðið á um starfskjör útsendra starfsmanna. Aðildarríkjum að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið væri því ekki heimilt að kveða í innlendri löggjöf á um ríkari réttindi til handa umræddum starfsmönnum en kveðið væri á um í fyrrnefndri 1. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar. Dómstóllinn komst jafnframt að þeirri niðurstöðu að laun í veikinda- og slysatilvikum á grundvelli framangreindrar 5. gr. laganna gætu ekki fallið undir hugtakið „lágmarkslaun“ í skilningi tilskipunarinnar þar sem gert væri ráð fyrir því í 5. gr. laganna að laun í veikinda- og slysatilvikum miðuðust við laun starfsmanns samkvæmt ráðningarsamningi en ekki við lágmarkslaun.

Í frumvarpinu sem nú liggur fyrir er því lagt til að ákvæði 5. gr. laganna verði breytt með þeim hætti að í stað þess að kveðið sé á um rétt útsendra starfsmanna til fastra launa í veikinda- og slysatilvikum verði kveðið á um rétt þeirra í veikinda- og slysatilvikum til kjarasamningsbundinna launa í viðkomandi starfsgrein í réttu hlutfalli við starfshlutfall þeirra hverju sinni. Enn fremur er í frumvarpinu lagt til að með kjarasamningsbundnum launum í viðkomandi starfsgrein sé átt við laun samkvæmt kjarasamningi á svæði því er samningurinn tekur til miðað við dagvinnu fyrir 8 klst. á dag eða 40 klst. á viku miðað við fullt starf í viðkomandi starfsgrein. Í þessu sambandi er jafnframt vísað til 1. gr. laga nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, til að undirstrika að kjarasamningar aðila



vinnumarkaðarins kveða á um lágmarkskjör á innlendum vinnumarkaði fyrir alla launamenn í viðkomandi starfsgrein á svæði því er samningurinn tekur til.

Það var niðurstaða samráðs stjórnvalda og ASÍ og SA að ekki yrði lengra gengið til að tryggja veikindarétt starfsmanna útsendra fyrirtækja hér á landi, án þess að það kallaði á viðbrögð af hálfu ESA og kröfur af þeirra hálfu um að slakað yrði enn frekar á kröfum til erlendra þjónustufyrirtækja.

7. greinin

Í ákvæði 7. gr. laganna er kveðið á um slysatryggingar vegna andláts, varanlegs líkamstjóns og tímabundins missis starfsorku umræddra starfsmanna.

EFTA-dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að í ákvæði þessu væri kveðið á um ríkari rétt útsendra starfsmanna hvað varðar starfskjör þeirra en kveðið væri á um í 1. mgr. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 96/71/EB. Því væri ekki heimilt að gera þá kröfu til erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til starfa hérlendis að tryggja þá starfsmenn sína með þeim hætti sem ákvæði laganna gerði ráð fyrir. Í ljósi þessarar niðurstöðu EFTA-dómstólsins er í frumvarpinu lagt til að ákvæði 7. gr. laganna verði fellt brott.

Fyrir lá þegar kæra ESA kom fram að erfitt yrði að standa á kröfunni um tryggingar sbr. 7. gr. laganna, enda lágu fyrir dómur Evrópuþingsins sem vísuðu með frekar skýrum hætti veginn í þessum efnunum. Það var því ekki síst af taktískum ástæðum sem haldið var uppi vörnum varðandi þetta ákvæði fyrir EFTA dómstólnum.

Framhaldið – möguleg áhrif

Eins og áður segir er það frumvarp sem nú liggur fyrir Alþingi niðurstaða af samráði stjórnvalda og ASÍ og SA um það hvernig skynsamlegast sé að bregðast við dómi EFTA dómstólsins, og þar gefið eins lítið eftir og við teljum að hægt sé að standa á. Eftir sem áður er í lögnum að finna ýmis ákvæði um skyldur erlendra þjónustufyrirtækja og réttindi starfsmanna þeirra sem fengur er að. Þá má einnig minna á að fyrir Alþingi liggur að afgreiða frumvarp til breytinga á lögnum um starfsmannaleigur sem fela í sér umtalsverða réttarbót fyrir starfsmann þeirra og eiga að styrkja samkeppnisstöðu innlendra fyrirtækja sem eru með sína hluti í lagi.

Mikilvægt er hafa í huga að starfsmenn sem koma hingað til lands njóta eftir sem áður réttinda í veikinda- og slysatilfellum samkvæmt kjarasamningum og almannatryggingareglum í sínu heimalandi (þaðan sem þeir eru sendir), þegar þau eru betri en lög og kjarasamningar hér á landi kveða á um.

Erfitt er að meta hvort og þá hvaða afleiðingar lagabreytingarnar munu hafa fyrir íslenskan vinnumarkað og möguleg félagsleg undirboð af hálfu erlendra þjónustufyrirtækja. Eftir hrunið haustið 2008 hafa aðeins örfá slík fyrirtæki verið með einhverja starfsemi hér á landi og þá gjarnan með starfsmenn sem ekki eru í helsta



áhættuhópnum þegar kemur að félagslegum undirboðum. Það er svo alls ekki ljóst hvað mun gerast í þessum efnum þegar atvinnulífið hér á landi fer að rétta úr kútnum að nýju.

Það er þó ljóst að breytingarnar nú verði þær að lögum setja enn ríkari skyldur á verkalýðshreyfinguna að fylgjast vel með þróun mála á vinnumarkaði á næstu mánuðum og misserum með sérstöku tilliti til starfsemi erlendra þjónustufyrirtækja og starfsmannaleiga. Og ekki síður að bregðast við með viðeigandi hætti eftir því sem tilefni gefast til. Þar höfum við yfir ýmsum vopnum og úrræðum að ráða.



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Kópavogi, 3. október 2012.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 45/2007 um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra, með síðari breytingum réttur til launa í veikindum), 66. mál, stjórnarfrumvarp.

Vísað er til tölvubréfs Alþingis frá 21. september þar sem óskað er álits Læknafélags Íslands (LÍ) á frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 45/2007 um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra, með síðari breytingum (réttur til launa í veikindum), 66. mál á 141. löggjafarþingi.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum með frumvarpinu er um að ræða lagabreytingu sem nauðsynleg er til að bregðast við niðurstöðu EFTA-dómstólsins í tilgreindu máli Eftirlitsstofnunar EFTA gegn Íslandi.

LÍ hefur engar athugasemdir við frumvarpið og mælir með að það verði samþykkt.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Læknafélags Íslands,

Þorbjörn Jónsson,
formaður.

Alþingi
Erindi nr. P 141/4
komudagur 28.9.2012

Berist til velferðarnefndar Alþingis.

Persónuvernd vísar til tölvubréfs velferðarnefndar Alþingis frá 22. september 2012 þar sem óskað er umsagnar Persónuverndar um frumvarp til laga um um breytingu á lögum nr. 45/2007 um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra, með síðari breytingum (réttur til launa í veikindum, EES-reglur) (þskj. 66, 66. mál á 141. löggjafarþingi).

Frumvarpið varðar ekki vinnslu persónuupplýsinga. Persónuvernd gerir því ekki athugasemdir við efni þess.

Virðingarfyllst

Vigdís Eva Líndal
lögfræðingur hjá Persónuvernd



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Nefndasvið Alþingi
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 141/22
komudagur 2.10.2012

Reykjavík 2. október 2012

Efni: Umsögn um breytingar á lögum nr. 45/2007 um skyldur erlendra fyrirtækja og starfskjör starfsmanna þeirra. 66. mál.

Með frumvarpinu er komið til móts við niðurstöðu EFTA-dómstólsins í máli Eftirlitsstofnunar EFTA gegn Íslandi, nr. E-12/10, frá 28. júní 2011. Samtökin gera því ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,
F.h. Samtaka atvinnulífsins

Kristín Þóra Harðardóttir hdl.